

Því dæmist rétt vera:

Aukaréttardómurinn á að vera óraskaður. Áfrýjandinn Jakob Jónsson fiskimatsmaður greiði stefndu Helgu Sigurðardóttur á Seyðisfirði í málskostnað fyrir yfir dómi 25 krónur.

Dóminum að fullnægja innan 8 vikna frá löglegri birtinga hans að viðlagðri aðför að lögum.

Nr. 39/1912.

Þórður J. Thoroddsen
gegn
Ólöfu Magnúsdóttur.

Dómur:

Mál þetta höfðaði stefnda Ólöf Magnúsdóttir í Keflavík fyrir bæjarþingi Reykjavíkur gegn áfrýjanda, Þórði J. Thoroddsen lækni, til greiðslu á kr. 248,73, er hún taldi sig eiga í vörzlum hans, og lauk málinu með dómi nefnds réttar, uppkveðnum 22. febrúar f. á., þannig, að áfrýjandi var dæmdur til að greiða stefndu kr. 133,36 með 5% ársvöxtum frá 28. apríl 1911 til borgunardags, og var málskostnaður látinn falla niður, en skipuðum málfærslumanni stefndu, Oddi Gíslasyni yfirréttarmálaflutningsmanni, voru dæmdar 25 kr. í málfærslulaun af almanna fé.

Nefndum dómi hefir áfrýjandi skotið til yfirdómsins með stefnu, dags. 9. sept. f. á., og krafist þess aðallega, að málinu verði vísað frá dómi og sér dæmdur

málskostnaður, en til vara, að hann verði sýknaður og fái sér dæmdan málskostnað, og enn til vara, að honum verði eigi gjört að greiða stefndu meira en 15 kr., í mesta lagi 25 kr., og málskostnaður verði látinn falla niður. Stefnda hefir fengið gjafvörn fyrir yfirdómi og skipaðan málfærslumann, sem hefir krafist þess fyrir hennar hönd, að dómurinn verði staðfestur og áfryjandi dæmdur til að greiða málskostnað að skaðlausu, eins og málið væri eigi gjafvarnarmál, svo krefst hann og, að sér verði dæmd hæfileg málsvarnarlaun eftir mati réttarins.

Áfryjandi krefst frávisunar málsins frá undirréttinum fyrir þá sök, að málfærslumaður stefndu hafi eigi haft gilt umboð til þess að höfða málið, með því að áfryjandi hafi, eftir að umboðið var gefið út og áður en málið var höfðað, sent stefndu reikningsskil yfir viðskifti þeirra, og þar sem stefnda hafi eigi fundið neitt að þessum reikningsskilum, hafi umboðið til að lögsækja áfryjanda út af þeim fallið niður. En þetta á eigi við neitt að styðjast, með því að áfryjandi hefir eigi sýnt fram á neitt, er bendi til þess, að stefnda hafi gjört sig ánægða með reikningsskil hans, og því viljað afturkalla umboðið, en hún hefir þvert á móti ítrekað það, og staðfest undir rekstri málsins í bæjarþinginu. Frávísunarkrafan verður því eigi samþykkt.

Í septembermánuði 1900 fekk stefnda áfryjanda í hendur viðskiftabók við sparisjóð Landsbankans með kr. 277,67 innstæðu, í því skyni, að sögn hennar, að hann léti innrita í bókina áfallna vexti. Eftir það kom sparisjóðsbókin eigi í hendur stefndu, en áfryjandi hafði hana í vörzlum sínum og ráðstafaði innstæðu hennar þannig, að hann tók út kr. 253,15 24. sept. 1900 og keypti bankavaxta-

bréf fyrir 200 kr. af þeirri upphæð, og 30. nóv. 1909 tók hann út það, sem þá var eftir af innstæðunni, kr. 44,17 og ónýtti sparisjóðsbókina. Á þessum árum hafði stefnda fengið ýmsar upphæðir hjá áfrýjanda, og þegar hann eftir kröfu hennar gjörði reikningsskil fyrir viðskiftum þeirra, taldi hann skuld sína til hennar kr. 63,82, er hann greiddi henni þá um leið.

En þessi reikningsskil þótti stefnda eigi fullnægjandi, og taldi ýmsar upphæðir, bæði útteknar og innlagðar í reikning áfrýjanda rangar, svo að reikningshalli henni í óhag væri samtals kr. 248,73, og krafðist hún í héraði að áfrýjandi væri dæmdur til að greiða sér þá upphæð, en með dóminum voru aðeins teknar til greina þessar aðfinslur við reikninginn: oftalin peningaborgun til stefndu kr. 50,00, oftalin umboðslaun til áfrýjanda kr. 35,00 og ranglega taldir vextir af úttekt stefndu kr. 48,36, samtals kr. 133,36, sem er dómsupphæðin.

Í skilagrein áfrýjanda er talið, að stefnda hafi meðtekið af geymslufé sínu hjá honum kr. 155,00 á árunum frá sept. 1903 til sept. 1909, en stefnda kannast eigi við, að áfrýjandi hafi greitt sér meir en kr. 105,00 á þessu árabili, og gegn neitun hennar hefir áfrýjandi eigi fært sönnur á, að reikningur hans sé að þessu leyti réttur, og krafa hans um frádrátt áminstra 50 kr. frá dómsupphæðinni verður því eigi tekin til greina.

Í skilagreinininni reiknar áfrýjandi sér 50 kr. umboðslaun og ómakslaun fyrir ýms störf, er hann hafi leyst af hendi fyrir stefnda, svo sem sölu á húseign, kaup á bankavaxtabréfum og margar fjárgreiðslur til hennar. Stefnda neitar því, að áfrýjandi hafi starfað neitt fyrir sig annað en semja kaupsamning um hús, sem hún seldi fyrir 260

kr., og bankavaxtarbréfin hafi hann eigi keypt eftir umboði frá sér, en án sinnar vitundar. Eftir þessum framburði stefndu, sem áfryjandi hefir eigi hnekt, og þó að tekið sé tillit til þess, að áfryjandi hefir samkvæmt skilagreininni nokkrum sinnum greitt stefndu upphæðir af geymslufé hennar, virðast ómakslaun þau, er áfryjandi getur átt tilkall til fyrir umgetin störf í þarfir stefndu, eigi geta verið hærrí en undirdómurinn hefir ákveðið þau, sem sé 15 kr.

Þá hefir áfryjandi reiknað vexti af fé því, er stefnda tók smámsaman út hjá honum, og virðist ekkert vera við það að athuga, að því leyti sem vextirnir eru rétt reiknaðir og stefndu hinsvegar taldir vextir af geymslufé hennar. En við vaxtareikning áfryjanda er það að athuga, að þar í eru taldir vextir af framangreindum 50 kr., sem áfryjandi hefir eigi sannað, að stefnda hafi meðtekið, og verður eigi séð, hverju sú upphæð nemur. Hins vegar hefir áfryjandi eigi reiknað stefndu vexti af kr. 53,15, er hann tók úr sparisjóðsbók hennar 24. sept. 1900, né af kr. 44,17, er hann tók úr bókinni 30. nóv. 1909. Að svo vöxnu máli verður eigi séð, hvort áfryjandi á tilkall til nokkurra vaxta, og þá hve mikilla af fjárgreiðslum til stefndu, og verður því vaxtakrafan eigi heldur tekin til greina.

Með því að yfirdómurinn þannig kemst að sömu niðurstöðu og bæjarþingsdómurinn og felst á málskostnaðarákvæði hans, ber að staðfesta nefndan dóm. Málskostnaður fyrir yfirdómi þykir eiga að falla niður. Það vottast, að flutningur málsins af hendi hins skipaða málfærslumanns stefndu hefir verið lögmætur og bera honum 20 kr. í málfutningslaun, er greiðist af almannafé.

Því dæmist rétt vera:

Bæjarþingsdómurinn á að vera óraskaður. Málskostnaður fyrir yfirdómi falli niður. Skipuðum málaflutningsmanni stefndu, Oddi Gíslasyni yfirréttarmálaflutningsmanni, bera 20 kr. í málflytningu laun úr landsjóði.

Dóminum að fullnægja innan 8 vikna frá löglegri birtingu hans, að viðlagðri lagaaðför.

3. marz nr. 40/1912.

Þorsteinn Sveinsson Kjarval
gegn

Eggert Claessen og Thor Jensen
f. h. J. P. Thorsteinsson & Co.

Dómur:

Vorið 1910 31. marz var áfrýjandi Þorsteinn Sveinsson Kjarval lögskráður í skipsrúm á botnvörpuskipið »Valur« eign hins stefnda hlutafélags P. J. Thorsteinsson & Co, meðan skipið stundaði fiskiveiðar 1910 gegn 130 kr. mánaðarkaupi; var hann ráðinn sem »3. hönd«, og virðist málsaðilum koma saman um, að þeirri stöðu á skipinu fylgi sá starfi, að gera að netum, botnvörpum, er þær rifna. Í þessu skiprúmi var áfrýjandi til 14. maí s. á., en þá lét skipstjórinn hann vita, að hann gæti eigi verið áfram í skipinu með sama kaupi, með því að hann væri eigi fær um að gegna viðunanlega starfi því, neta-